

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot hitaveituvatnsins eru sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði | kr. 252,65 |
| b) Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns | kr. 23,10 |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksvatnsþörf.

Pegar um afnot á hitaveituvatni til annars en húshitunar er að ræða, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Ennfremur getur Hitaveita Dalvíkur veitt afslátt í þeim tilvikum að hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

4. gr.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Óski notandi þessi að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan 5% frá réttu stillingu skal hann greiða kr. 431,00.

5. gr.

Hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli

og heimæð allt að 50 m

kr. 43 178,00

og á m³ þar yfir

kr. 54,30

Ef skipulagsskilmálar eru þess efnis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hvernar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 108,00.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds umfram 50 m lögn sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1. október 1986, 281 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 3. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 863,00.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 471, 13. október 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 16. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni Þ. Árnason.